

7. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

Sjöundi fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 17. september 2024 kl. 9:00 í fundarherbergi þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Guðni Már Harðarson varamaður í forföllum Þuríðar Bjargar Wium Árnadóttur. Auk þess sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Eva Björk Valdimarsdóttir, biskupsritari og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og hófst fundurinn á ritningarlestri og bæn.

1. Stefnumótun í samskiptamálum
 - a. Undir liðnum kom Heimir Hannesson, samskiptastjóri, á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir þeirri vinnu sem er farin af stað í stefnumótun Þjóðkirkjunnar í samskiptamálum.
2. Breytingar í starfsmannamálum
 - a. Undir liðnum kom Ragnhildur Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri, á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir þeim breytingum sem átt hafa sér stað í starfsmannamálum.
3. Málefni Kirkjubings
 - a. Undir liðnum kom Drífa Hjartardóttir, forseti Kirkjubings, á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir Kirkjubingi sem sett verður þann 26. október nk.
4. Yfirlit framkvæmdastjóra
 - a. Rekstraryfirlit
 - i. BG gerði grein fyrir rekstraryfirliti Þjóðkirkjunnar fyrir janúar til ágúst 2024.
 - b. Fjárlagafrumvarp 2025
 - i. BG gerði grein fyrir gagngjaldi ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2025.
 - c. Fjárhagsáætlun 2025
 - i. BG gerði grein fyrir vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.
 - d. Smáragata 6
 - i. BG upplýsti að búið væri að samþykkja tilboð í eignina.
 - e. Holt í Önundarfirði
 - i. Rætt var um hvort afmarka ætti lóð í kringum húsið og óska eftir söluheimild á því. Verður málið skoðað áfram.
 - f. Þórshöfn
 - i. Rætt var um hvort óska ætti eftir söluheimild á húsið. Verður það skoðað í tengslum við vinnu við skipulag þjónustu í landinu.
 - g. Hólmavík
 - i. Rætt var um að óska eftir söluheimild á húsið og verður það skoðað áfram.
 - h. Úttekt á stöðu fasteigna

- i. BG gerði grein fyrir vinnu sem er í gangi við að taka út ástand eigna. Stefnt er að verklokum fyrir árslok.
 - i. Málefni Reykhólts
 - i. BG gerði grein fyrir stöðu máls vegna hitaveitu í Reykholti. Framkvæmdastjóri mun vinna málið áfram.
 - j. Móttökuhúsnæði biskups
 - i. BG gerði grein fyrir stöðu máls við að finna hentugt móttökuhúsnæði fyrir biskup. Rætt var um húsnæði sem hafði verið skoðað að Tjarnargötu 4, Reykjavík og mun framkvæmdastjóri ganga frá leigusamningi.
5. Önnur mál
- a. AG óskar eftir að stjórn Þjóðkirkjunnar komi að gerð samnings vegna reksturs hótels að Skálholti. Þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um fyrirkomulag reksturs Skálholts verða kannaðar nánar.
 - b. Gengið var frá undirritun á afturköllun firmaritunar og ritara falið að senda erindið til Fyrirtækjaskrár.

Næsti fundur var ákveðinn 10. október nk. og var ákveðið að fundur stjórnar yrði sameiginlegur með fjárhagsnefnd til kynningar á drögum að fjárhagsáætlun. Verður boðað til fundarins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10:40.